

Faktor Company
Sólvallagötu 48
101 Reykjavík

Tilvísun yðar:

Tilvísun vor:
430-92/834

Dagsetning:
07.12.1993

MÁL:

Andmæli Faktor Company, Sólvallagötu 48, Reykjavík, í nafni Astra Pharma Aktiengesellschaft, Weismullerstrasse 45, D-6000 Frankfurt am Main 1, Þýskalandi,

gegen

skráningu vörumerkisins LORTAN (orðmerki), sbr. umsókn nr. 834/1992, frá Erni Þór hrl., Óðinsgötu 4, Reykjavík, í nafni MERCK & CO., Inc., 126 E. Lincoln Avenue, Rahway, New Jersey, Bandaríkjunum.

ÁKVÖRÐUN VÖRUMERKJASKRÁRRITARA

MÁLSATVIK:

Hinn 20.08.1992 tilkynnti Örn Þór hrl., Óðinsgötu 4, Reykjavík, til skráningar vörumerkið LORTAN (orðmerki) í nafni MERCK & CO., Inc., 126 E. Lincoln Avenue, Rahway, New Jersey, Bandaríkjunum. Umsóknin er nr. 834/1992. Óskað var skráningar fyrir flokk nr. 5. Merkið var birt til andmæla í Vörumerkja- og einkaleyfatíðindum hinn 15.10.1992.

Með bréfi dags. 15.12.1992, er barst Einkaleyfastofunni sama dag, andmælti Faktor Company, Sólvallagötu 48, Reykjavík,

skráningu vörumerkisins í nafni Astra Pharma Aktiengesellschaft, Weismullerstrasse 45, D-6000 Frankfurt am Main 1, Þýskalandi. Andmælin byggja á ruglingshættu við skráð vörumerki andmælanda, HONVAN (orðmerki), nr. 68/1978 fyrir: „Lyf, kemisk efni til lækninga og til heilsugæslu“ í flokki nr. 5. Andmælandi fékk eftir beiðni framlengdan frest til þess að skila inn greinargerð til 15.04.1993. Hinn 05.04.1993 barst Einkaleyfastofunni greinargerð umboðsmanns andmælanda, dags. sama dag. Umboðsmaður telur ruglingshættu vera með vörumerki skv. umsókn nr. 834/1992 og vörumerki andmælanda nr. 68/1978 á grundvelli sjón- og hljóðlíkingar. Bent er á mikilvægi þess að bæði merkin séu m.a. ætluð fyrir lyfjablöndur og sérstakrar varúðar beri að gæta af þeim sökum við mat á ruglingshættu.

Umsækjanda voru kynnt andmælin með bréfi dags. 16.12.1992. Greinargerð var honum síðan send með bréfi dags. 06.04.1993 og honum veittur frestur til athugasemda til 06.08.1993. Sá frestur var síðar framlengdur, að beiðni umboðsmanns umsækjanda, til 06.09.1993. Hinn 03.09.1993 barst Einkaleyfastofunni greinargerð umboðsmanns umsækjanda, dags. sama dag. Umboðsmaður umsækjanda telur ruglingshættu með umræddum merkjum enga. Framburð merkjanna vera gjörólíkan og sjónlíkingu enga. Samkvæmt því er þess krafist að andmæli gegn skráningu vörumerkis skv. umsókn nr. 834/1992 verði ekki tekin til greina.

Hinn 07.09.1993 var mál þetta tekið til ákvörðunar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og var aðilum málsins kynnt með bréfi dags. þann dag að svo yrði gert.

NIÐURSTAÐA:

Andmælin eru borin fram innan tilskilins frests og eru því lögmæt.

Andmælt er skráningu vörumerkisins LORTAN (orðmerki), skv. umsókn nr. 834/1992, með vísan til ruglingshættu við skráð vörumerki andmælanda, HONVAN (orðmerki), nr. 68/1978.

Samkvæmt 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjálaga nr. 47/1968 er óheimilt að skrá vörumerki „...ef villast má á merkinu og vörumerki, sem skráð hefur verið hér á landi samkvæmt eldri tilkynningu...“.

Við mat á ruglingshættu vörumerkja verður að meta vörumerkin í heild sinni. Hér er um að ræða vörumerki sem eiga það sameiginlegt að vera sex stafa, annar stafur beggja er O og þau enda bæði á AN. Heildarútlit, sjónmynd, merkjanna er þó gjörólíkt, að mati Einkaleyfastofunnar, og hljóðlíking væg.

Með vísan til ofanritaðs er það mat Einkaleyfastofunnar, að skilyrði til beitingar ákvæðis 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjálaga sé ekki fullnægt hér og skráning vörumerkis nr. 68/1978 geti ekki komið í veg fyrir skráningu vörumerkis skv. umsókn nr. 834/1992.

ÁKVÖRÐUN VÖRUMERKJASKRÁRRITARA.

Skráning vörumerkisins LORTAN (orðmerki), skv. umsókn nr. 834/1992, er heimiluð.

Ellý K.J. Guðmundsdóttir lögfr.

Afrit sent:
Örn Þór hrl.

Óðinsgötu 4, Reykjavík.